

Ed.

190. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smá-
lesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir
skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum
línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til
eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með
þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

Því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar lánveitingum úr honum, samkvæmt
1. málsg. þessarar greinar og 1. málsg. 10. gr. laganna, er lokið, skal varið til lán-
veitinga til þeirra vélbátaeigenda, sem ekki hafa áður fengið lán úr sjóðnum. Lán
þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögnum greinir.
Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.

Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 30. sept. 1937, og skal stjórn
sjóðsins, sem skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til
þess tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.